Alþingi
Erindi nr. Þ 121/82
komudagur 14/11 1996

Símbréf: 563 0740 Reykjavík 04.11.1996.

Málefni: Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Að ósk Kristjáns Guðmundssonar, Akranesi, hef ég í samráði við hann og nokkra aðra rafmagnsiðnfræðinga tekið saman nokkur atriði varðandi 51. til 54. gr. skipulags- og byggingarlaga sem snerta rafmagnsiðnfræðinga sérstaklega.

51. gr. Löggilding hönnuða
Lagt er til að á eftir annarri málsgrein komi ný málsgrein:

> **"Iðnfræðingar sem sækja um löggildingu á sérsviði samkvæmt lögum þessum skulu hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis samkvæmt lögum nr. 46/1982."**

52. gr. Löggilding á sérsviði
Lagt er til að í fjórðu málsgrein á eftir orðinu byggingarfræðingar verði bætt við orðinu rafmagnsiðnfræðingar. Málsgreinin hljóði þannig:

> **"Byggingarfræðingar, rafmagnsiðnfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði."**

53. gr. Löggilding prófhönnuða
Engar athugasemdir.

54. gr. Umsjón með byggingarframkvæmdum
Engar athugasemdir.

Með von um að tekið verði jákvætt í erindi okkar þar sem um mjög brýnt hagsmunamál fyrir marga iðnfræðinga er að ræða, en mjög margir rafmagnsiðnfræðingar starfa við hönnun raflagna, flestir sem aðalstarf.

Virðingarfyllst,

Guðjón L. Sigurðsson
Reykás 27
110 Reykjavík